

Almannavarnanefnd Árnassýslu, Almannavarnanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Sveitarfélagið Hornafjörður annarsvegar og Lögreglustjórinn á Suðurlandi hinsvegar hafa frá árinu 2015 haft með sér samkomulag um sameiginlegan starfsmann sveitarfélaga og lögreglu í almannavarnamálum (verkefnastjóra almannavarna). Samningur þessi tekur til Almannavarnanefndar Árnassýslu (AÁ) og lögreglustjórans á Suðurlandi:

1. Aðilar eru sammála um að framlengja samkomulag sem upphaflega var gert óformlega í ágúst 2015 og staðfest með samningi 2016 og fól í sér að lögreglustjóri setti/skipaði verkefnastjóra almannavarna til starfa að skipulagningu almannavarnamála, daglegri umsjón með áhættugreiningu og áhættuskoðun, gerð viðbragðsáætlana, umsjón með þjálfun og kynningum fyrir viðbragðsaðila í héraði, skipulagningu æfinga sem og umsjón með gerð annarra áætlana er málafloknum tengjast, allt í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sem jafnframt hefur ríkar skyldur við umdæmið í þessari vinnu. Verkefnastjóri er áheyrnarfulltrúi í AÁ.
2. Samkomulag þetta er gert á grundvelli laga um almannavarnir nr. 82/2008, og eru þau ákvæði laganna sem við eiga tilgreind í viðauka við samning þennan.
3. Verkefnastjóri er tengiliður sveitarfélaga og lögreglu um þau málefni er varða almannavarnir í héraði og skal hann tryggja samræmi í vinnu sveitarfélaga innan umdæmis lögreglustjórans við áætlanagerð og áhættugreiningu.
4. Komi til almannavarnaástands í umdæminu skal verkefnastjóri vera viðkomandi sveitarfélagi/sveitarfélögum til aðstoðar við skipulag, úrvinnslu og uppbyggingu innviða þess/þeirra eftir áfallið, eins og kostur er.
5. Aðilar eru sammála um að sveitarfélögin greiði vegna stöðu verkefnastjóra almannavarna kr. 200 pr. íbúa á ári og skal miðað við íbúatölu skv. skýrslu Hagstofunnar þann 1. janúar ár hvert. Gjaldtagi framlags er 1. september ár hvert.
6. Samkomulag þetta er ótímabundið og getur hvor aðili um sig sagt því upp. Uppsögn tekur gildi um áramót og skal hún tilkynnt með sex mánaða fyrirvara, eða fyrir 30. júní.

Samþykkt af Héraðsnefnd Árneseinga hinn 25. október 2021. Undirritað af hálfu Almannavarnanefndar Árnassýslu hinn xx 2021.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Hveragerðisbæjar

F.h. Flóahrepps

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Lögreglustjórinn á Suðurlandi